

# Þingsályktun

**um samvinnu vestnorrænna landa og upplýsingamiðlun  
í baráttunni gegn reykingum.**

---

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2006, að auka samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands í baráttunni gegn reykingum. Upplýsingamiðlun milli landanna verði eflð og haldin námsstefna fyrir vestnorrænar heilbrigðisstéttir um málið.

---

*Samþykkt á Alþingi 16. mars 2007.*